



# ÁRSSKÝRSLA 2013




**ORKUVEITA**  
**HÚSAVÍKUR**

## Ársskýrsla 2013

### STARFSEMI ORKUVEITU HÚSAVÍKUR ÁRIÐ 2013

Í upphafi ársins 2013 tók gildi ný reglugerð um Orkuveitu Húsavíkur ohf. nr. 1227/2012. Reglugerðin var birt í B- deild Stjórnartíðinda hinn 2. janúar 2013 og öðlaðist þá gildi. Reglugerðin endurspeglar nýtt rekstrarform og kjarnastarfsemi Orkuveitunnar, til samræmis við stefnu félagsins sem innleidd var á árinu 2012. Kjarnastarfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf. (OH) er vinnsla og dreifing heits og kalts vatns auk fráveitu.



*Kjarnastarfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf.*

Aðalfundur Orkuveitu Húsavíkur ohf. var haldinn 30. apríl 2013. Jón Helgi Björnsson fór með umboð sveitarfélagsins Norðurlands, eiganda OH, á fundinum. Á aðalfundi var stjórn félagsins kjörin og er hún þannig skipuð: formaður Gunnlaugur Stefánsson, meðstjórnendur Sigurgeir Höskuldsson og Soffía Helgadóttir.

#### MEGINTILGANGUR

Megintilgangur OH er sá að auka búsetugæði á svæðinu með starfsemi sinni.

#### KJARNASTARFSEMI

Kjarnastarfsemi og hlutverk OH er að veita íbúum og fyrirtækjum í Þingeyjasýslum aðgang að heitu og köldu vatni, auk fráveitu.

#### FRAMTÍÐARSÝN

Framtíðarsýn OH er sú að verða fyrirmyndarfyrirtæki í röðum veitufyrirtækja.

#### TRAUST

#### AFHENDINGARÖRYGGI

#### NÁTTÚRUAUÐLINDIR

#### ÞEKKING



## ÖRYGGI ER FORGANGSMÁL

### ÖRYGGISMÁL

Gerð var úttekt í öryggismálum Orkuveitu Húsavíkur á árinu og hefur félagið aukið vægi öryggismála með margvíslegum hætti. Öryggismálin þurfa stöðugt að vera á dagskrá og er samvinna allra starfsmanna lykill að árangri. OH hefur sett sér stefnu í öryggis-, heilbrigðis- og vinnuverndarmálum og er markmið hennar að tryggja öryggi og góðan aðbúnað á vinnustað. Öryggisstefna félagsins er birt á heimasíðu auk handbókar um öryggi- og vinnuvernd. Handbókin var unnin af vinnuhópi á vegum Samorku (Samtaka orku og veitufyrirtækja) og aðlöguð að rekstri OH. Samhliða auknum kröfum til eigin öryggismála gerir OH auknar kröfur til verktaka sinna.



## **SAMTÖK, DÓTTUR- OG HLOTDEILDARFÉLÖG**

Orkuveita Húsavíkur er aðili að **Samorku** sem eru samtök hita-, vatns-, og fráveitna auk rafmagnsveitna. Samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna, ekki síst þeirra sem eru í smærri kantinum.

**Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf.** er dótturfélag Orkuveitu Húsavíkur, en OH á 50,77% í hlut í félaginu. Hitaveitan var stofnuð árið 1994 og þjónar Kópaskeri og bæjum í Öxarfjarðarhreppi frá Núpi allt norður á Kópasker.

OH á einnig hlut í fjórum öðrum félögum;

5,00% hlut í **Mýsköpun ehf.**, sem hefur rannsóknir og atvinnuþróun að meginstarfsemi,

13,78% hlut í **Sjóböðum ehf.** sem hafa þann tilgang að byggja og reka heilsuþöð á Húsavíkurhöfða,

25,40% hlut í **Íslenskri orku ehf.** sem hefur borað eina rannsóknar- og vinnsluholu í Öxarfirði. Upphaflega var talið að um háhitasvæði væri að ræða en frekari rannsóknir og viðkomandi hola benda til að svo sé ekki.

48,75% hlut í **Hrafnabjargavirkjun hf.** sem hefur það verkefni að rannsaka og meta virkjanakosti. Félagið er að jafn miklum hluta í eigu Norðurorku og þá á Atvinnuefning Þingeyjarsveitar 2,5%. Hrafnabjargavirkjun er í samstarfsverkefni með Landsvirkjun um rannsóknir á efra vatnasvæði Skjálfandafljóts sem tekur til næstu 3 – 4 ára. Landsvirkjun annast og stýrir rannsóknaráætluninni. Sem stendur eru virkjanakostir á vatnasvæði Skjálfandafljóts í biðflokki samkvæmt rammaáætlun þar sem ekki liggja fyrir nægileg gögn og rannsóknir á svæðinu.

## **MANNAUÐSMÁL**

Ingibjörg Árnadóttir hóf störf sem skrifstofustjóri hjá Orkuveitu Húsavíkur í júlí. Ingibjörg er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og kennsluréttindi í grunn- og framhaldsskóla frá Háskólanum á Akureyri. Ingibjörg starfaði áður sem aðalbókari hjá Þingeyjarsveit.



Ingibjörg tekur við af Guðrúnu Björgu Aðalsteinsdóttur sem hefur hafið störf hjá Háskólanum á Bifröst. Starfsfólk OH þakkar Guðrúnu samstarfið og óskar henni velfarnaðar.

Áhersla er á það lögð að OH hafi á að skipa hæfu og góðu starfsfólki og að hæfni þess sé viðhaldið með starfsþróun og endurmenntun. Samstarf orku- og veitufyrirtækja hefur reynst mjög vel í þessu samhengi. Starfsfólk OH fór til að mynda í kynnisferð á síðastliðnu ári og heimsótti, auk nokkurra birgja á Akureyri, Norðurorku. Þar, sem og annars staðar, var höfðinglega tekið á móti starfsfólki OH og heilum hafsþjó af fróðleik miðlað til starfsmanna.

## **RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN**

Orkuveita Húsavíkur og Norðurþing gerðu með sér samning um að OH tæki að sér umsjón með verksamningi sveitarfélagsins og jarðfræðistofunnar Stapa um framhald jarðhitaleitar á Raufarhöfn. Áætluð verklok og skýrsluskil voru undir lok árs 2013 en seinkaði þar sem ekki náðist að ljúka borverki. Verkinu verður áfram haldið á vormánuðum ársins 2014.

Á árinu var unnið að kostnaðargreiningu og frumhönnun veitna fyrir fyrirhugað iðnaðarsvæði á Bakka. Ráðist verður í ákvarðanatöku og lokahönnun fyrir svæðið þegar ákvörðun fyrsta iðnaðarfyrirtækisins um uppbyggingu á svæðinu liggur fyrir.Öx

ÍSOR hefur unnið að því að meta jarðhitalíkur í nágrenni Húsavíkur, á öðrum svæðum en nú þegar er verið að nýta heitt vatn frá. Rannsóknarvinnan gengur



m.a. út á að tryggja fyrirtækjum og íbúum nægjanlegt heitt vatn til langrar framtíðar. Verkefninu verður haldið áfram á árinu 2014.

OH er handhafi rannsóknarleyfis á jarðhita við Skjálftavatn í Kelduhverfi. Þar er ekki nægjanlega heitt vatn til raforkuframleiðslu en talið er að hiti og rennsli henti til húshitunar á svæðinu. Meta þarf hagkvæmni hitaveitu á svæðinu.

## HITAVEITA

Verkefni hitaveitunnar á árinu voru auk hefðbundins viðhalds og viðgerða af margvíslegum toga.

Orkuveitan fékk á árinu nýtingaleyfi vatns úr holu HU-03 í Auðbrekku við sjúkrahús. Vatninu var hleypt inn á snjóbræðslukerfi nýja gervigrasvallarins á Húsavík í febrúar.




Unnið var að viðgerð á aðveituæð til Húsavíkur. Bilunin er sambærileg og kom upp árið 2011. Talið var að komist hefði fyrir bilanir á samsetningum árið 2011 og var búið að sjónskoða og hitamæla jarðveg á 16 km leið aðveituæðarinnar. Bilunin nú var á samsetningum þar sem lögnin liggur dýpst og er talið að þegar hitamælingar fóru fram árið 2011 hafi bleyta í jarðvegi ekki verið mikil og hitaleiðnin þar með minni. Því hafi hitamælingar í jarðvegi ekki gefið til kynna að bilanir væru á þeim stöðum

sem gert var við á árinu 2013.

Unnið að byggingu nýs dæluhúss við hverinn Strút á Hveravöllum. Eldra húsið stendur á steinsteyptri hellu sem er mikið sprungin og þá er mikill hiti í húsinu sem er óæskilegur fyrir þann rafbúnað sem þar er. Markmið byggingar nýs húss er þannig að bæta aðstöðu og verja búnað.



**Heitavatnssala** árið 2013 var 169,6 m.kr. samanborið við 155,1 m.kr. árið á undan. Tekjur af föstum gjöldum hitaveitu voru 16,3 m.kr. samanborið við 15,4 m.kr. á árinu 2012. Tekjur vegna lagninga heimæða voru 0,9 m.kr á árinu 2013. Seldir m<sup>3</sup> á árinu voru 2.174.446 samanborið við 2.033.932 m<sup>3</sup> árið 2012. Tekjuaukninguna má rekja til verðlagshækkana sem og kaldari tíðar, en meðalhitastig ársins 2013 var 3,63°C samanborið við 3,92°C árið á undan.



## VATNSVEITA

Í febrúar varð bilun á stofnlögn úr vatnsbóli til Húsavíkur sem gerði það að verkum að vatnslaust eða vatnslítið varð í stórum hluta bæjarins. Vatni var hleypt á seinnipart sama dags og viðgerð lokið.

Unnið var að fyrsta áfanga endurnýjunar dæluhúss á Raufarhöfn. Endurnýja þurfti lagnir innan húss. Seinni áfangi endurnýjunarinnar er áætlaður á árinu 2014 og verður þá búið að endurnýja allar lagnir í húsinu.

Af fasteignum í Norðurþingi er greitt vatnsgjald. Gjald þetta er innheimt með fasteignagjöldum. Fyrirtæki á svæðinu greiða auk þess fyrir mælda notkun. Árið 2013 voru seldir 924.647 m<sup>3</sup> samanborið við 726.991 m<sup>3</sup> árið á undan. Heildartekjur vatnsveitu (vatnsgjald, seldir m<sup>3</sup>, tengigjöld og föst gjöld) voru 73,3 m.kr. samanborið við 63,2 m.kr. árið á undan. Hækkunin skýrist að mestu leyti af því að stækkaðar voru heimlagnir í fiskvinnslu á Húsavík og samfara því voru seldir fleiri rúmmetrar vatns.



## FRÁVEITA

Ráðist var í stórt verkefni í fráveitu á Húsavík á árinu. Orkuveita Húsavíkur og Vinnuvélar Eypórs skrifuðu undir verksamning um mitt árið vegna vinnu við fráveitulagnir í Árgili. Verkið fólst í að sameina fráveituvatn sem rennur í Búðarárstokk á einn stað. Eftir sem áður rennur fráveituvatn í Búðarána og út um Búðarárósin í Suðurfjöru. Þetta er



fyrsti áfangi og forsenda þess að á síðari stigum verði hægt að leggja af Búðarárútrásina og koma skólpinu norður og út fyrir Bökugarð, eins og stefnt er að á 5 ára áætlun fráveitunnar sem stjórn OH hefur samþykkt.

Gjöld vegna fráveitu eru innheimt með fasteignagjöldum. Tekjur fráveitu voru 45,6 m.kr. árið 2013 samanborið við 41,9 m.kr. árið á undan.

## **ÖNNUR VERKEFNI**

Orkuveita Húsavíkur sinnti, eins og fyrri ár, álestri á rafmagnsmæla fyrir RARIK. Starfsmenn OH lesa þá á hvoru tveggja, mæla hitaveitu og rafmagnsmæla.

Samningur OH og Global Geothermal Ltd. (GGL) um viðgerð og endurbætur í Orkustöð rann út á árinu. Töf varð á verkefninu og í kjölfarið tókst GGL ekki að fjármagna viðgerð og endurbætur á stöðinni á Húsaví samkvæmt samningnum. Það eru vonbrigði að þetta verkefni skyldi ekki ganga eftir. Þessi niðurstaða hefur engin áhrif á rekstur OH.

## **ÁVARP STJÓRNARFORMANNS**

Orkuveita Húsavíkur er ein af grunnstoðum þess samfélags sem hún starfar í og er markmið með starfseminni að auka búsetugæði á svæðinu. Það gerir fyrirtækið með því að sjá viðskiptavinum sínum fyrir heitu og köldu vatni ásamt því að reka fráveitur á starfssvæðinu.

Rekstur Orkuveitunnar gekk vel á árinu 2013. Eiginfjárhlutfall fyrirtækisins styrkist jafn og þétt og hefur farið úr -12,98% á árinu 2009 í 70% árið 2013. Veltufjárhlutfall hefur farið úr 0,63 á árinu 2009 í 16,92 á árinu 2013. Hreint veltufé frá rekstri var um 187,5 milljónir og framlegðarhlutfall rekstrar (EBITDA ) 62%. Eignir félagsins eru bókfærðar á 2.983 milljónir kr. og bókfært eigið fé er 2.087 milljónir kr. Skuldir lækka um 89 milljónir kr. á milli ára og eru um 895 milljónir kr. Af þessum rekstrarniðurstöðum má sjá að reksturinn er góður og félagið vel í stakk búið til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Rekstrarárangur síðustu ára sýnir að þær umdeildu hagræðingaraðgerðir sem ráðist var í eftir bankahrunið árið 2008 voru mikilvægar og hafa skilað miklum árangri. Íbúar sveitarfélagsins eiga nú veitufyrirtæki í góðum rekstri sem skapar margvísleg verðmæti fyrir samfélagið.

Orkuveitan er í umfangsmiklum og löngu tímabærum verkefnum við fráveitukerfi á Húsavík. Stefnt er að því að halda áfram vinnu við fráveituna í áföngum á næstu árum. Við eigum að hafa það langtímamarkmið að standa öðrum sveitarfélögum framar í fráveitumálum. Í sveitarfélaginu eru öflug matvælafrýrtæki og gera þau miklar kröfur um að þessi mál séu í góður lagi. Einnig gerir vaxandi ferðaþjónusta á svæðinu og aukin umhverfisvitund íbúa kröfur um að fráveitumál samfélagsins séu til fyrirmyndar.

Reiknað er með því að Orkuveitan fari í uppbyggingu á veitum á Bakkasvæðinu við Húsavík þegar framkvæmdir hefjast við uppbyggingu iðnfyrirtækja þar. Einnig er stjórn og starfsmenn með ýmis önnur verkefni í gangi sem snúa að endurbótum og viðhaldi á núverandi veitukerfum. Ásamt því að kanna ný og spennandi tækifæri sem gætu styrkt rekstur Orkuveitunnar til framtíðar.

Kjarnastarfsemi Orkuveitunnar er sérleyfisskyld starfsemi og fer Orkuveitan með lögbundið hlutverk. Það leggur því ríka skyldu á fyrirtækið, stjórn þess, stjórnendur og starfsmenn að þjóna heimilum, stofnunum og fyrirtækjum á veitusvæðinu í samræmi við lögbundnar skyldur og að tryggja umsamin gæði og afhendingaröryggi.

Ég vil þakka öllum starfsmönnum Orkuveitu Húsavíkur, stjórnendum og stjórnarmönnum fyrir mikið og óeigingjarnt framlag þeirra til fyrirtækisins. Það er von mín að árið 2014 verði farsælt fyrir félagið og eiganda þess.

Gunnlaugur Stefánsson stjórnarformaður.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.